

# Hverfisráð Hríseyjar

82. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í Hlein miðvikudaginn 27. ágúst klukkan 16:00.

Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson.

## Dagskrá:

1. Umræður um byggðakvóta en ekkert fært til bókar.
2. Hverfisráð lýsti yfir vonbrigðum með tapað starf við ferliþjónustu fatlaðra.
3. Hverfisráð óskar eftir því að fá að vita stöðu mála varðandi:
  - a. Hjallaveginn – óskað hefur verið eftir vegriði vegna hættulegrar beygju.
  - b. Austurvegurinn- viðgerð á vegi.
  - c. Gámastöð og grendarstöðvar.
  - d. Götulýsingar um þorpið.
  - e. Kastari á bílaplani við ferjuna.
4. Varðandi ærilsabelg, nýtt leiktæki, þá óskaði hverfisráð eftir því að framkvæmdaráð styrkti kaup á belgnum en ferðamálafélagði myndi einnig leggja til framlag. Framkvæmdaráð hefur samþykkt kaupin en vill taka pening sem annars ættu að fara í stígagerð og vinnu við Háborðið. Hverfisráð vill tryggja það að fé til stígagerðar verði ekki skert og að áætlun varðandi framkvæmdir á Háborði og stíga verði haldið áfram.
5. Nokkrir atriði eftir sumarið:

Hverfisráð fékk fyrirspurn frá leigjendum matjurtagarða sem segja að ekki hafi verið aðgengi að vatni í júlí til að vökva. Ráðið óskar eftir skýringum á því. Ráðið lýsti yfir furðu sinni að ekki hafi verið grisjuð tréin fyrir ofan þorpið enn sé þar mikið af brotnum trjám. Þau þarf að fjarlægja og gróðursetja ný. Ekki hefur verið haldið við runnum sem kipptir voru niður við svæðið og tjaldstæðið. Málefni unglíngavinnunnar voru með ólíkindum og voru foreldrar mjög óánægðir með hvernig staðið var að henni.
6. Hverfisráð lýsir yfir vonbrigðum með umgengi við Björgunarsveitarhúsið þar séu dósir og flöskur fæðandi um. Ráðið óskar eftir því að þetta verði fjarlæggt hið fyrsta.
7. Staða á flutningi bensíndællunnar rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:00.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur